

Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala 2. tbl. 2021

*Útgefandi: Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
Yfirllestur Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
Myndir: Þorkell Þorkelsson ljósmyndari Landspítala (nema myndir úr skólum)*



COVIDÁRIÐ 2021

Covid-19 faraldurinn hefur markað starfsemi Landspítala á árinu 2021. Frá upphafi faraldursins í febrúar 2020 hefur Landspítali fimm sinnum farið á hættustig og tvisvar á neyðarstig, með mikilli truflun á daglegri starfsemi. Nokkur smit hafa komið upp á deildum en strangar sóttvarnarreglur og góð þátttaka í bólusetningum hefur að mestu heft útbreiðslu smita innan spítalans. [Hér](#) má sjá upplýsingar um framgang faraldursins á Landspítala á árinu. Mikið hefur mætt á starfsfólki spítalans á þessum tíma og birtist vandinn m.a. á bráðamóttökunni, gjörgæslum og smitsjúkdómadeildinni eins og Þorsteinn Jónsson, sérfræðingur í hjúkrun fjallaði um í grein sinni, [Þegar ástandið verður yfirþyrmandi](#).

En líf og starf á tímum heimsfaraldurs er ekki bara aukavaktir, álag og erfiðleikar. Samvinna allra starfsstétta spítalans hefur verið til fyrirmyndar við að aðlaga umhverfi og aðferðir að síbreytilegum aðstæðum og árangur okkar í glímunni við faraldurinn er einstakur. Þegar stund hefur gefist milli stríða hefur vinnugleði og jafnvel dans tekið völdin eins og sjá má í [þessu myndbandi hér](#).

Í árslok 2021 höfðu alls 38 manns látist af Covid-19 á Íslandi. Þá kom Omicron afbrigði veirunnar sem breytti framgangi sjúkdómsins, fleiri smituðust en almennt voru einkennin ekki eins alvarleg þó að margir hafi veikst illa. En staðan var samt erfið og í árslok fór spítalinn aftur á neyðarstig.

Heimsfaraldurinn hefur lagst þungt á heilbrigðiskerfið og er það áhyggjuefni. Sem aldrei fyrr er mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða stór áskorun og viðvarandi álag síðustu ára gæti valdið flóttu úr faginu, en alþjóðastofnanir og stéttarfélög lýsa áhyggjum af því að [næsti faraldur gæti orðið faraldur kulnunar framlínustarfsmanna](#). Heilbrigðisyfirvöld verða að bregðast við þessu.

Það má samt ekki sökkva í svartsýni og bölmóð. Það er margt jákvætt í gangi á Landspítala þrátt fyrir heimsfaraldur, eins og sjá má á þessu fréttabréfi hjúkrunar. Gríðarlega mikil ásókn er í hjúkrunarfræði- og sjúkraliðanám og hefur spítalinn vart undan að taka við nemendum í klínískt nám. Sjaldan eða aldrei hafa eins margir nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar hafið störf á Landspítala en vorið 2021, eða 80 manns. Áfram er verið að þróa hæfnistjórnunarkerfi sem ætlað er að auka gæði hjúkrunar og öryggi sjúklinga og


stefnt er að því að þróa slíkt kerfi líka fyrir sjúkraliða. Á spítalanum er nú sem fyrr, fullt af færðu og frábæru fagfólki sem leggur sig fram um að sinna störfum sínum af alúð og metnaði.



SKIPULAG OG SAMRÁÐ UM HJÚKRUN

- **Stefnuráð hjúkrunar.** Stefnuráð hjúkrunar er upplýsinga- og samráðsvettvangur framkvæmdastjóra hjúkrunar en haldnir hafa verið fjórir fundir á árinu. Fundirnir eru upplýsinga- og vinnufundir, en í stefnuráði eru deildarstjórar hjúkrunar og yfirljósmæður, sérfræðingar í hjúkrun og ljósmóðurfræðum, forstöðumenn fræðasviða auk fleiri lykilaðila í hjúkrun á Landspítala. Umfjöllunarefni fundanna var Covid-19 og bólusetningar, þátttaka sjúklinga í meðferð og betri sjúklingafræðsla, hæfniviðmið í hjúkrun, skráning hjúkrunar og mönnun, menntun og vísindi í hjúkrun.
- **Stjórn stefnuráðs.** Skipuð var í fyrsta skipti stjórn stefnuráðs hjúkrunar en markmið hennar er að veita framkvæmdastjóra hjúkrunar stuðning og ráðgjöf. Í stjórn stefnuráðs eru eftirfarandi: Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Hrund Sch. Thorstenssen, deildarstjóri, Marta Jóns Hjördísardóttir, formaður fagráðs Landspítala, Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Helga Sif Friðjónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, yfirljósmóðir, Bylgja Kærnested, deildarstjóri, Herdís Sveinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og Eygló Ingadóttir, verkefnastjóri.

- **Stjórnendur í hjúkrun.** Deildarstjórar hjúkrunar og yfirljósmæður eru 66 talsins. Stjórnendasþönn deilda er mjög misjöfn, þannig er fjölmennasta deildin með 222 starfsmenn samkvæmt úttekt frá Hagdeild, en tvær aðrar deildir eru með yfir 100 starfsmenn. Talsvert margar deildir eru með 50-100 starfsmenn. Á deildum eru 1-3 aðstoðardeildarstjórar, en þeir sinna mismunandi störfum innan deilda. Til stendur að gera nýja starfslýsingu fyrir aðstoðardeildarstjóra hjúkrunar sem endurspeglar mikilvægt hlutverk þeirra.
- **Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði, ljósmóðurfræði og sjúkraliðanámi.** Stórir árgangar hjúkrunarfræðinema koma í klínískt nám á Landspítala næstu árin, en á þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eru nú 128 hjúkrunarfræðinemar og á öðru ári um 120. Búið er að fjölga hjúkrunarfræðinimum sem komast á annað ár í 75 hjá Háskólanum á Akureyri. Einnig er nú mikill áhugi á sjúkraliðanámi og sjáum við það á mikilli eftirspurn eftir námsplássum á spítalanum. Árlega eru teknir 14 nemar í ljósmóðurfræði, í stað 10 á undanförunum árum.
- **Sjúkraliðabré.** Áfram er reynt að hvetja og styðja ófaglærða starfsmenn í umönnun til að fara í brúarnám til sjúkraliða en sérstakt samstarf er við [Fjölbrautaskólann í Ármúla](#) vegna þess. Bóknámið fer fram á þriðjudögum og nemendum býðst að fara í námsleyfi í 15 daga á önn í fimm annir. Fyrsti hópurinn sem hóf nám útskrifaðist 2021 og nýr hópur 10 sjúkraliðanema byrjaði um haustið. Að sjálfsögðu eru líka fleiri ófaglærðir í sjúkraliðanámi hjá öðrum skólum sem geta sótt um námsleyfi.
- **Fagráð Landspítala.** Þverfaglegt fagráð á Landspítala var stofnað á árinu, samkvæmt breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu (nr. 40/2007) og breytingu á reglugerð (nr. 1111/2020). Marta Jóns Hjördísardóttir, hjúkrunarfræðingur er formaður fagráðsins og Jakobína Rut Daníelsdóttir, sjúkraliði, er varaformaður. Nánari upplýsingar eru á [innri vef](#) og á [workplacesíðu fagráðsins](#).
- **Hjúkrunarþyngdarmælingar.** Innleiðing Rafaela hjúkrunarþyngdarflokknar hófst í maí 2021 á líknardeildinni og á gjörgæsludeildunum. Einnig hófst innleiðing á Rafaela kerfinu í október 2021 í Rjóðri og á legudeild- og á dagdeild barna. Innleiðing kerfisins á þessar deildir felur í sér notkun á nýju mælitæki innan Rafaela kerfisins (HOIq mælitæki) sem ætlað er til hjúkrunarþyngdarflokknar á vefrænum legudeildum, dagdeildum og göngudeildum. Innleiðing er komin mislangt en röskun á starfsemi deildanna vegna Covid-19 faraldursins hefur tafið verkefnið. Vonir eru bundnar við að flestar deildanna ljúki innleiðingu árið 2022, en ferlið tekur að jafnaði eitt ár.



SÍ- OG ENDURMENNTUN Í HJÚKRUN

- **Starfsþróunarár hjúkrunarfræðinga.** Menntadeild Landspítala heldur utan um starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga en aldrei hafa fleiri tekið þátt í því og árið 2021. Í byrjun sumars hófu 80 hjúkrunarfræðingar starfsþróunarár sitt og til að koma á mótis við fjöldann var brugðið á það ráð að skipta hópnum í tvennt. Hjúkrunarfræðingarnir starfa á 27 mismunandi deildum víðs vegar af spítalanum.
- **Framhalds starfsþróunarár fyrir hjúkrunarfræðinga.** Haustið 2022 stendur hjúkrunarfræðingum í starfslýsingu B til boða að taka þátt í framhalds starfsþróunarári sem menntadeild Landspítala skipuleggur og tekur við af því sem nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum býðst. Um er að ræða fræðslu og þjálfun sem miðar að því að dýpka þekkingu og færni hjúkrunarfræðinga, sem eru tiltölulega nýir í starfi. Í boði verða fræðsludagar bæði í staðar- og vefnámi en einnig handleiðsla í litlum hópum.
- **Rannsókn á aðlögun, stuðningi og líðan nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga.** Formlegri aðlögun eftir útskrift hjúkrunarfræðinga er almennt ábótavant samkvæmt nýrri meistararannsókn Jóhönnu Lindar Guðmundsdóttur verkefnastjóra á menntadeild sem hægt er að sjá [hér](#). Mikill vilji er á Landspítala til að bæta aðlögun nýrra hjúkrunarfræðinga.

- **Námskeið fyrir sjúkraliða.** Starfsþróun fyrir sjúkraliða hefur verið í boði með reglulegum hætti á vegum menntadeildar Landspítala undanfarin ár og hafa um 100-150 sjúkraliðar sótt sérstök námskeið árlega, auk þess sem þeir sækja einnig þverfagleg námskeið eins og Basic Patient Safety, ígrundun og endurlífgunarnámskeiðið. Árið 2021 var skipulag og innihald námskeiðanna endurskoðað og nýtt efni tekið inn. Markmið námskeiða fyrir sjúkraliða er að kynna nýjungar í starfi og dýpka fyrri þekkingu þeirra. Námskeiðin eru auglýst í [Námskrá Landspítala](#).
- **Sérhæfð endurlífgun.** Námskeið í Sérhæfðri endurlífgun I (ILS) og II (ALS) skv. stöðlum [Evrópska endurlífgunarráðsins](#) (ERC) voru innleidd á Íslandi og Landspítala árið 2007. Námskeiðin eru ýmist 8 eða 20 klst. en hingað til hefur þurft að taka heilt námskeið á 5 ára fresti til að halda skírteinum í gildi. Nú verður hægt að taka ILS og ALS endurvottunarnámskeið á 3. ára fresti til að viðhalda gildu skírteini. Námskeiðið skiptist í tvo hluta, stafrænan hluta með forprófi sem tekin er á vef ERC og verklegar æfingar 2 klst. á vegum menntadeildar Landspítala. Fyrstu endurvottunarnámskeið hefjast nú á vorönn 2022 en þátttaka í þeim er ákveðin af yfirlæknum og deildarstjórum hjúkrunar.
- **Hæfnistjórnunarkerfi fyrir hjúkrunarfræðinga.** Miðlæg hæfniviðmið í hjúkrun voru kynnt og innleidd hjá nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum á starfsþróunarári haustið 2021. Áskoranir voru margar m.a. stuðningur við þátttakendur, álag á deildum, tímaskortur og tæknimál. Mörg fagráð hjúkrunar hafa unnið að sérhæfðum hæfniviðmiðum fyrir sérsvið hjúkrunar eða eru að hefja þá vinnu. Framundan er að styðja hjúkrunarfræðingana við að ná sínum hæfniviðmiðum og styðja mentora þeirra. Í samvinnu við HUT er unnið að undirbúningi útboðs á hæfnistjórnunarkerfi og lærdómskerfi fyrir starfræna fræðslu. Innleiðing slíkra kerfa felur í sér mikil tækifæri.



VERKEFNI SEM EFLA HJÚKRUN

- **Hlaðvarp á Landspítala.** Þrjár sjálfstæðar hlaðvarpssýrpur sem fjalla um hjúkrunar- eða ljósmóðurfræði á einn eða annan hátt litu dagsins ljós árið 2020-2021. Sýrurnar eru hluti af Hlaðvarpi Landspítala. Hér er um að ræða þáttasýrurnar: Brautryðjendur í hjúkrun, Geðvarpið og Legvarpið. Þættina er að finna á [Hlaðvarpi Landspítala](#) og öllum helstu streymisveitum og markmið þeirra er að fjalla um og veita innsýn inn í viðfangsefni og störf viðmælenda.
- **Vísindastarfsemi í hjúkrun.** Hjúkrunarrannsóknir eru nauðsynlegar til að tryggja gæðaþjónustu og betri útkomu hjá sjúklingum. Nefnd á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar, skoðaði vísindavirkni hjúkrunarfræðinga á spítalanum, en tilefni þess voru fáar umsóknir um styrki frá hjúkrunarfræðingum í Vísindasjóð Landspítala árið 2021. Birtar ritrýndar greinar hjúkrunarfræðinga á Landspítala hafa undanfarin ár verið í meðallagi en nú benda bæði umsóknir um styrki í Vísindasjóð og umsóknir um leyfi til siðanefnda Landspítala til þess að vísindavirknin sé að minnka og er það áhyggjuefni. Má ætla að það álag sem fylgir Covid-19 hafi þessi áhrif.
- **Rannsókn í hjúkrun.** Covid göngudeild Landspítala hefur vakið athygli fyrir góða þjónustu við þá sem smitast af Covid-19. Í árslok 2021 voru birtar niðurstöður rannsóknar í virtu amerísku tímariti en hún gefur innsýn í störf hjúkrunarstjórna á Covid göngudeildinni sem skipulögðu flókna þjónustu á skömmum tíma. Greinina er hægt að lesa [hér](#).

- **Sérfræðingar í hjúkrun og ljósmóðurfræði.** Meiri þörf er nú en áður á sérhæfðri þjónustu hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra t.d. vegna styttri legutíma og áherslu á dag- og göngudeildarþjónustu þar sem fólki með flókna sjúkdóma er sinnt. Sérfræðingar í hjúkrun og ljósmóðurfræðum á Landspítala eru nú orðnir 68 talsins, en þeir hafa aldrei verið fleiri. Haustið 2021 var unnið að greiningu á framtíðarþörf fyrir sérfræðipækkingu á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar en markmiðið með henni er m.a. að beina hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum sem hyggja á meistaranám þangað sem mest er þörf. Þarfagreiningin var unnin með víðtæku samtali í hjúkrunarsamfélaginu, t.d. við deildarstjóra og fleiri. Skýrsla með niðurstöðum þarfagreiningarinnar verður birt snemma árs 2022.
- **Viðurkenning til deilda.** Tvær deildir á Landspítala fengu á árinu [viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsumhverfi](#) fyrir hjúkrunarfræði- og sjúkraliðanema en það voru blóð- og krabbameinsdeild 11EG og vökudeildin. Báðar þessar deildir taka á móti fjölda nema ár hvert og koma mjög vel út úr könnunum um ánægju nemenda sem gerðar eru af Menntadeild Landspítala í lok hvers námstímabils.
- **Miðstöð um sjúklingafræðslu** var stofnuð síðla árs 2020. Í ársbyrjun 2021 var [þessi frétt](#) birt á miðlum Landspítala sem segir nánar af starfsemi og verkefnum miðstöðvarinnar.
- **Vika hjúkrunar 2021.** Í tilefni viku hjúkrunar um miðjan maí 2021 voru sýnd tvö myndbönd og eitt hlaðvarp í flokknum brautryðjendur í hjúkrun. Fyrra myndbandið kynnr [störf sérfræðinga í hjúkrun](#) en hið seinna [störf sérfræðiljósmæðra](#). Sjúkraliðinn [Jakobína Rut Daníelsdóttir er gestur í hlaðvarpinu](#).
- **Stytting vinnuvikunnar.** Á árinu 2021 styttist vinnuvikan hjá flestum starfsstéttum. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana, bæta vinnustaðamenningu og auka samræmingu vinnu og einkalífs án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Vinnuvika starfsfólks í dagvinnu styttist að lágmarki um 65 mínútur en að hámarki um 4 stundir á viku, með breytingu á fyrirkomulagi matar og kaffitíma. Vinnuvika starfsfólks í vaktavinnu styttist að lágmarki um 4 stundir, en um allt að 8 stundir ef um mikla vaktabyrði er að ræða, [sjá hér](#).
- **Verkaskipting heilbrigðisstétta.** Á haustdögum 2021 fól heilbrigðisráðherra landsráði um mönnun og menntun að fjalla um verkaskiptingu heilbrigðisstétta. Niðurstöðu nefndarinnar er hægt að sjá [hér](#) en helstu niðurstöður voru þær að heilbrigðisráðuneytið mun í samvinnu við Embætti landlæknis og landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu hefja undirbúning á vinnustofum þar sem horft verður á hæfni og færni hvers hóps.
- **Skráning hjúkrunar.** Stýrinefnd um skráningu hjúkrunar hefur stofnað hóp tengiliða á deildum og starfseiningum spítalans. Hlutverk þeirra er að vera leiðtogar og fyrirmyndir í skráningu hjúkrunar og að stuðla að bættri skráningarmenningu, efla umræður og áhuga, veita stuðning, kenna nýjungar og síðast en ekki síst að leggja til hugmyndir að þróun og umbótum í skráningu hjúkrunar. Vinnustofur verða haldnar eftir áramót þar sem farið verður yfir helstu áskoranir og línur lagðar að verkefnum með áherslu á aukið öryggi og þekkingu.

- **Jafningi ráðinn á meðferðargeðdeild Laugarási.** Á haustmánuðum 2021 var stigið framfaraskref í geðþjónustu Landspítala þegar jafningi (peer supporter) var ráðinn til starfa á meðferðargeðdeild Laugarási. Hlutverk jafningja snýst í stuttu máli um að einstaklingur sem hefur sjálfur persónulega reynslu af geðsjúkdómum, sé starfsmaður í þjónustunni og veiti vel skilgreindan stuðning með reynslu sína í forgrunni. Markmið geðþjónustunnar er að fjölga stöðugildum jafningja og bjóða upp á þessa þjónustu á öllum deildum.
- **Fjarheilbrigðisþjónusta.** Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka fjarheilbrigðisþjónustu á Landspítala, ekki síst í tengslum við eflingu á dag- og göngudeildarþjónustu. Heilsuvera er megin „viðmót“ við sjúklinga til stafrænna samskipta, þó að aðrar lausnir séu líka nýttar. Heilsuverusamskipti við sjúklinga hafa nú verið innleidd á um 30 sérgreinar eða deildir og er áætlað að halda áfram þeirri innleiðingu á komandi árum. Myndsímtöl í öruggu kerfi eru nú notið í litlum mæli, en verið er að vinna að útboði og er vonast til að í kjölfarið muni slík þjónusta aukast á nýju ári. Áhugaverða grein um nýsköpun í tækni á Landspítala má sjá [hér](#).
- **Heilsu meðvera fyrir sjúklinga með krabbamein.** Nýlega var opnuð rafræn og gagnvirk samskiptagátt í [heilsuvera.is](#) sem snýst um að bæta öryggi, aðgengi og samskipti við sjúklinga sem eru í meðferð í krabbameinsþjónustu á Landspítalanum. Þar sem meðferð krabbameinssjúklinga fer í vaxandi mæli fram á dag- og göngudeild eru margir sjúklingar í heimahúsum að glíma við einkenni og aukaverkanir og er Heilsu meðveru ætlað að styðja við betri þjónustu við þennan hóp. Verkefnið er styrkt af Embætti landlæknis, Krabbameinsfélagi Íslands og Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins en nánar er hægt að lesa um verkefnið í [frétt](#) Krabbameinsfélagsins og frá [umbótaráðstefnu](#) Landspítala.
- **Gæðastaðlar.** Settir hafa verið fram 10 gæðastaðlar á Landspítala en markmið þeirra er að auka öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna og gæði þjónustu á spítalanum til samræmis við gæðastefnu. Gæðastaðlarnir eru eftirfarandi, en nánar er hægt að lesa um þá á innra neti í [gæðahandbók Landspítala](#). 1. Skipulag gæða- og öryggismál, 2. Virk þátttaka sjúklings í meðferð, 3. Sýkingavarnir, 4. Lyfjaöryggi, 5. Auðkenni sjúklings, 6. Markviss yfirfærsla ábyrgðar, 7. Meðferð og notkun á blóði og blóðhlutum, 8. Þrýstingssáravarnir, 9. Viðbrögð við versnun á ástandi sjúklings og 10. Byltuvarnir.
- **Þrýstingssáravarnir.** Markviss innleiðing á HAMUR þrýstingssáravörnum hófst á árinu en ætlunin er að halda þeirri innleiðingu áfram 2022. Rafrænt málþing um þrýstingssáravarnir var haldið 30. mars 2021 og gæðarannsókn sem framkvæmd er á tveggja ára fresti var framkvæmt í október 2021, en þá eru allir sjúklingar á spítalanum skoðaðir á einum degi og metið hvort þeir séu með þrýstingssár. Fyrstu niðurstöður sýna að tíðni þrýstingssára hefur farið úr 13,9% í 12% og að tíðni 4. stigs þrýstingssára hefur minnkað. Ástand rúmdýna er einnig skoðað og í rannsókninni kom í ljóst að 23% svampdýna eru í óviðunandi ástandi. Þau góðu tíðindi bárust á haustdögum að [Minningargjafasjóður Landspítala Íslands](#) ætli að gefa 25 milljónir til kaupa á loftdýnum en þær geta skipt miklu máli í baráttunni við þrýstingssár. Unnið er að útboði og vonast til að dýnurnar komi í hús á fyrri hluta ársins 2022.
- **Öryggisinnlit.** Markviss innleiðing á reglubundnu öryggisinnliti til sjúklinga hófst á árinu, en verkefnið hefur tafist vegna Covid-19 faraldursins. Notast er við ÁFrAm hringinn við innleiðinguna.

- **Byltuvarnir á Landspítala.** Markviss innleiðing á fjölþátta byltuvörnum, sem byggðar eru á gagnreyndri þekkingu, byrjaði á nokkrum deildum á árinu en byltuvarnarhópur Landspítala leiðir verkefnið. Notast er við ÁFrAM hringinn við innleiðinguna. Stefnt er að því að allar vefrænar deildir, að geð- og barnadeildum undanskildum, innleiði skráð verklag í [byltuvörnum](#) skv. gæðaskjölum í gæðahandbók Landspítala og að byltur verði <4,0 byltur á 1000 legudaga í árslok 2024. Áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu heilbrigðisstétta í því að fyrirbyggja byltur sjúklinga.
- **Staðalímyndir í hjúkrun.** Jafnréttisnefnd Landspítala ásamt hjúkrunarfræðideildum HÍ og HA standa að verkefninu Strákar og hjúkrun, en því er ætlað að breyta staðalímyndum og vekja áhuga stráka á hjúkrunarstörfum. Verkefnið fékk veglegan styrk frá Jafnréttissjóði árið 2020 en vorið 2021 voru haldnar vinnusmiðjur í 17 grunnskólum fyrir 9. bekkjar stráka, þar sem þeir fengu að spreyta sig á endurlífgun, sáraskiptum, sprautugjöf og móttöku á slösuðum einstaklingi. Eins og sjá má á eftirfarandi myndum voru drengirnir mjög áhugasamir en verkefnið verður endurtekið vorið 2022.

